

Áskrift að stafrænum fræðslupökkum

Áskrift af stafrænum/rafrænum fræðslupökkum er styrkhæf 100% af reikningi. Einungis er hægt að sækja um styrk vegna slíkra fræðslupakka eftir að 6 mánuðir hafa liðið af áskrift og virkni starfsfólks sýnileg í keyptum pökkum. *

Með umsókn þarf að fylgja greinagerð sem tekur á eftirfarandi:

- Fræðsluáætlun stofnunar
- Hvernig viðkomandi kemur fræðslunni á framfæri til ákveðinna hópa/starfsmanna
- Hvaða fræðsla** hefur verið keyrð frá áskrift og hvaða fræðsla er ætluð fyrir ákveðna hópa
- Hvenær og hvernig starfsfólki er ætlað að nýta fræðsluna
- Sýnt er fram á að 80% félaga hafi tekið þátt í fræðslu sem hluti af starfsþróun þeirra

Til viðbótar gilda skilyrði almennra umsókna ásamt fylgigögnum.

* Á ekki við þegar keyptir eru fræðslupakkar fyrir einstaka starfskrafta.

**Námskeið, spretti, ákveðna pakka eða annað sem fellur undir fræðslu.

Umsóknir eru aldrei afgreiddar nema skýr greinagerð fylgi með. Þegar sótt er um í annað sinn er jafnframt til þess ætlast að með fylgi samantekt og notkun vegna fyrri áskriftar. Þá er skilyrt að 80% félagsmanna hafi tekið þátt í einhverjum þeirra námskeiða sem í boði voru og sýnt sé fram á það með gögnum.